



Tillaga til þingsályktunar um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi.

Framkvæmdastjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri telur að framlögð þingsályktunartillaga sé af hinu góða og þarft lóð á vogaskálina í baráttunni gegn þeirri vá sem krabbamein er. Hvergi kemur þó fram í fylgiskjölum þingsályktunartillögunnar hver er árangur af slíku forvarnarstarfi og má á það benda að dánartíðni kvenna með brjóstakrabbamein hefur ekki lækkað eftir að skipuleg skimun fór fram. Á það er bent í tillögunni að það sé væntanlega vegna þess hversu illa konur mæta en þó mun það ekki vera allskostar rétt þar sem mæting íslenskra kvenna í brjóstamyndatökur er mjög góð. Hins vegar er það svo með öll skimunarpróf að þau eru mismunandi örugg og kann það að hafa áhrif á allar niðurstöður.

Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þætti eðlilegt að lagt væri hagfræðilegt mat á forspárgildi slíkrar skimprófunar þannig að hægt væri að taka afstöðu til þess hvort að skimun sem þessi hreint og beint borgi sig eins kaldhæðnislegt og það kann að hljóða. Með þessu er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri ekki að lýsa sig mótföllnu þessari tillögu. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri lýsir sig reiðubúið verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt að vinna að framgangi þessa máls en bendir á að þetta verði ekki gert án verulegs fjármagns sem þarf að fylgja verkefninu.

Virðingarfyllt,
F.h. framkvæmdastjórnar FSA,

Þorvaldur Ingvarsson,
framkvæmdastjóri lækninga.

ÞI/JR